



## **„Það er bara eitthvað sem gerist“**

Hvernig semja þeir tónlist, sem spila á píanó eingöngu eftir  
eyranu?

Eva Björk Eypórsdóttir

**Lokaverkefni til B.Ed-prófs  
Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**



**„Það er bara eitthvað sem gerist“**

***Hvernig semja þeir tónlist, sem spila á píanó eingöngu eftir  
eyranu?***

Eva Björk Eypórsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í Grunnskólakennarafræði

Leiðsögukennari: Helga Rut Guðmundsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed prófs í Grunnskólakennarafræði. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

© Eva Björk Eypórsdóttir 2012

Prentun: Bóksala kennaranema á Menntavísindasviði  
Reykjavík, 2012

## Ágrip (útdráttur)

Gerð var eigindleg rannsókn sem var ætlað að svara rannsóknarspurningunni „Hvernig semja þeir tónlist sem spila á píanó eingöngu eftir eyranu?“ Tekin voru viðtöl við þrjá einstaklinga og svör þeirra borin saman. Niðurstöður leiddu í ljós að hver og einn viðmælandi hefur þróað með sér sínar eigin aðferðir við að semja tónlist. Tónlistarsköpunin fylgir ekki neinu ákveðnu ferli heldur komast einstaklingarnir í ákveðið hugarástand sem setur sköpunarferlið í gang. Þetta áttu viðmælendur erfitt með að útskýra en vildu þó meina að „það er bara eitthvað sem gerist.“ Allir geta samið tónlist ekki aðeins þeir fáu útvöldu.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip (útdráttur)</b> .....	<b>3</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>5</b>
1.1 Fræðilegur bakgrunnur.....	6
1.1.1 Tónlistin í okkur .....	6
1.1.2 Hvatning.....	6
1.1.3 Hæfileikinn að spila eftir eyranu.....	8
1.1.4 Sköpun tónlistar.....	9
1.2 Rannsóknaraðferð .....	10
1.3 Framkvæmd rannsóknar .....	11
1.3.1 Viðmælendur .....	11
1.3.2 Spurningalistinn .....	12
1.3.3 Greining gagna.....	13
1.4 Rannsóknin .....	13
1.4.1 Tónlistarbakgrunnur þátttakenda .....	13
1.4.1.1 Tónlistarferill.....	13
1.4.1.2 Áhrif foreldra .....	14
1.4.1.3 Námið .....	15
1.4.2 Nótalestur.....	16
1.4.3 Að skapa tónlist .....	16
1.5 Eigin reynsla.....	19
1.6 Niðurstöður .....	20
1.7 Umræður .....	22
1.7.1 Rannsóknir í framhaldinu .....	24
<b>2 Heimildaskrá</b> .....	<b>25</b>
<b>3 Viðauki</b> .....	<b>28</b>

## 1 Inngangur

Tónlist er óaðskiljanlegur hluti af okkur og menningu og hefur áhrif á tilfinningar, vitsmuni og sjálfsmynd. Hún hefur alltaf fylgt okkur og erum við öll þátttakendur í okkar tónlistarsamfélagi. Allir geta tekið þátt í tónlist hvort sem það er að syngja, spila, skapa eða hlusta. Á einhvern hátt eru allir menn tengdir tónlistinni, ekki aðeins fáir útvaldir.

Mikilvægt er að rækta alla hæfileika sem snúa að tónlist. Oft falla þeir hæfileikar að geta spilað eftir eyranu og samið tónlist án nótna í skugga þess hæfileika að geta spilað með tilþrifum á hljóðfæri og lesið nótur jafn vel og að lesa bók. Að geta spilað eftir eyranu er hæfileiki sem er nauðsynlegur fyrir tónlistarfólk að þjálfa því sá hæfileiki auðveldar það að læra að lesa nótur, geta skapað tónlist, spilað eftir minni og að koma fram. Sá hæfileiki að spila eftir eyranu og semja tónlist án þess að kunna nótur er skoðaður í þessari rannsókn og verða niðurstöður hennar settar í samhengi við skoðanir og rannsóknir fræðimanna.

Í þessari rannsókn er leitast við að svara rannsóknarspurningunni um hvernig einstaklingar semja tónlist, sem spila á píanó eingöngu eftir eyranu. Tekin voru viðtöl við viðmælendur þar sem þeir sögðu frá því hvernig þeir semja tónlist sína en einnig var spurt um tónlistarferil og áhrifavalda þeirra.

Ritgerðinni er skipt í sex kafla þar sem fjallað er um fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar, rannsóknaraðferð og framkvæmd hennar. Þar á eftir er greint frá viðtölum viðmælenda og þau sett í samhengi. Því næst er fjallað um eigin reynslu rannsakanda en hann er einstaklingur sem kann ekki nótur en semur tónlist á píanó og svaraði hann sömu spurningum og viðmælendur. Niðurstöður rannsóknar eru að lokum settar í samhengi við fræðilegan bakgrunn og í kjölfarið fylgir umræðukafli þar sem fjallað er um niðurstöður rannsóknar og þær bornar saman við eigin reynslu rannsakanda.

## 1.1 Fræðilegur bakgrunnur

### 1.1.1 Tónlistin í okkur

Tónlist er kraftmikið og einstakt samskiptaform sem hefur áhrif á líðan okkar, hvernig við hugsum og hvernig við högum okkur. Hún sameinar vitsmuni og eflir tjáningu okkar og sjálfsmynd (Mills, 2005:15). Tónlist lyftir tilfinningum okkar upp á æðra stig og getur kallað fram, aukið eða vakið tilfinningar, bæði gleði og sorg, vegna sérkenna hennar. Hún gefur okkur og samfélaginu tilgang (Sloboda, 1985:1). Tónlist er óaðskiljanlegur hluti af menningu okkar, bæði í fortíð og samtíð og hjálpar okkur að skilja okkur sjálf og að tengjast öðrum. Hún hvetur til mismunandi gerðar tónlistar þar sem hver og einn getur fundið sig og er mikilvægur þáttur í nánast öllum menningarheimum (Mills, 2005:15). Tónlistarmenning merkir þá breidd hæfileika og þekkingar í tónlist í hverju samfélagi fyrir sig og er talin vera brú milli heimilis, skóla og alls heimsins (Mills, 2005:15). Í mörgum samfélögum er tónlist mikilvægur hluti af uppeldi barna því frá unga aldri byrja börn að nema hljóð í umhverfinu og taka að reyna rödd sína og rannsaka hluti. Tónlist er allt í kringum okkur og erum við því virkir þátttakendur og hluti af okkar tónlistarmenningu. Við syngjum, spilum eða semjum tónlist, hlustum á eða heyrum og er það því ómögulegt að forðast tónlistina því hún mun alltaf finna leið að okkur (Sloboda, 1985:1). Allir eru á einhvern hátt tengdir tónlist vegna þess að mannkynið var forritað fyrir tónlistina (Mills, 2005:54). Tónlist getur kallað fram tilfinningar aðeins vegna fegurðar sinnar og oft fara tólin að renna án nokkurrar ástæðu og í stutta stund er eins og allt sé kyrrt og mikilfengleiki tónlistarinnar umvefur okkur. Erfitt er að koma orðum að þeim tilfinningum sem vakna en við leitum í tónlistina og við þörfnumst hennar því hún hreyfir við okkur, bæði í hjörtum okkar og sál (Sacks, 2006:2529).

### 1.1.2 Hvatning

Foreldrar eru stærsti áhrifavaldur þess að barn hafi áhuga á tónlist. Systkini, ættingjar og kennarar sem og aðrir þættir hafa einnig mikil áhrif (McPherson og Bunt, 2006:247). Foreldrar hafa áhrif á afrek barna sinna og það sem mestu máli skiptir er að samband milli foreldra og barna sé uppbyggilegt og hvetjandi því það eflir vitsmunabroska barnsins. Foreldrar þurfa að sýna áhuga og taka þátt (Green, 2002:265). Einnig er



mikilvægt að foreldrar skynji líðan barna sinna og að samband þeirra á milli sé náð og skilningsríkt svo börn öðlist sjálfstæði og eigi sér markmið. Barn þarfnast stuðnings til að læra að vinna sjálfstætt og skiptir miklu máli að hrósa því, leita lausna og sýna verkefni barnsins áhuga (McPherson, 2009:96-7). Rannsóknir sýna að foreldrar sem hvetja og styðja börn sín áfram í tónlistarnámi þeirra verða til þess að þau dvelja lengur við tónlistarnám en börn sem fá lítinn eða engan stuðning. Þó getur hvatning til tónlistarnáms minnkað ef foreldrar eða kennari beitir hörku (McPherson og Bunt, 2006:247).

Trú kennara á hæfileika nemanda getur haft áhrif á nemandann. Þegar kennari trúir á færni einstaklings er hann líklegri til að láta nemandann fá krefjandi verkefni og hvetja hann áfram. En aftur á móti ef kennara finnst nemandi hafa litla hæfileika og ekki mikla möguleika á að skara fram úr er hann líklegri til að gefa nemandanum letjandi verkefni og veita honum litla hvatningu. Rannsóknir hafa sýnt að hægt er að bæta hæfni nemenda einfaldlega með því að láta kennara fá rangar upplýsingar um hæfileika hans (Green, 2002:297). Það hefur einnig mikil áhrif ef nemandi þarf stöðugt að skipta um kennara, hvort sem það er vegna þess að kennari hættir störfum eða vegna annarra ástæðna. Þá eru meiri líkur á að nemandi missi áhugann (Hargreaves og North, 1997:201). Traust samband milli nemanda og kennara er mikilvægt svo að upplifun nemanda í tónlistarnámi sé innihaldsrík og hafi einhvern tilgang. Slíkt traust tekur tíma að þróa og því sterkara sem traustið er því meiri líkur eru á að nemandi nái árangri. Kennari þarf að sýna fram á tónlistarlega getu og þekkingu en sú færni myndi fleyta honum stutt því aðrir þættir sem skapa sterkt samband milli kennara og nemanda eru fjölmargir. Kennari þarf að vekja innblástur nemenda og vera vakandi yfir þeirri miklu breidd og fjölbreytni nemendahópsins. Einnig þarf hann að gera sér grein fyrir öllum þeim áhrifaþáttum sem spila inn í líf nemenda og vera tilbúinn að takast á við mismunandi hegðunarmunstur þeirra í gegnum tónlistarnámið (Colwell og Hewitt, 2010:5). Ef kennari er vinalegur, afslappaður og hvetjandi mun hann eiga í góðu sambandi við nemanda sinn og mun nemandi sýna meiri áhuga og árangur (Hargreaves og North, 1997:201).

Hvatning foreldra skiptir miklu máli þegar kemur að tónlistaráhuga barns. Foreldri þarf að hvetja barnið áfram og sýna námi þess áhuga. Kennarar hafa einnig mikil áhrif og með réttum kennsluaðferðum geta kennarar náð miklum árangri með nemendum. Bæði foreldrar og kennarar mega ekki gleyma því að allir eru mismunandi og mestu máli skiptir að hlúa að hæfileikum barna og hvetja þau áfram.

### 1.1.3 Hæfileikinn að spila eftir eyranu

Fjölgreindakenning Gardners var upphaflega um sjö greindir en fleiri hafa bæst við í gegnum tíðina. Markmið Gardners var að stækka hugtakið greind, þar sem það hafði verið lengi í föstum skorðum innan menntakerfisins (Haroutounian, 2002:26-7). Í fjölgreindakenningu Gardners er fjallað um tónlist sem sjálfstæða greind þar sem hver og einn einstaklingur býr yfir sérstakri samsetningu greindanna sem sést í fjölbreyttum hæfileikum hans. Rannsóknir á hugmyndum fólks hvað það þýðir að vera hæfur tónlistarmaður benda til þess að allir þeir sem spila á hljóðfæri, syngja, semja eða skapa séu hæfir tónlistarmenn (McPherson og Bunt, 2006:103).

Í tónlistarnámi hefur verið lögð mikil áhersla á að nemendur komi fram og flytji tónlist. Þó svo að sú reynsla sé mikilvæg þá er auðvelt að gleyma öðrum þáttum tónlistarhæfileikans. Tökum sem dæmi ungan fiðluleikara sem getur leikið fiðlukonsert með tilþrifum. Hann er augljóslega mjög hæfileikaríkur en aðrir þættir tónlistarhæfileika hans eru ekki sýnilegir en þar má nefna að semja tónlist eða spila lög eftir eyranu. Einstaklingur sem getur setið tímunum saman við píanóið og spilað eftir eyranu eða unglingur sem semur grípandi lög og færir þau inn í upptökuforrit án þess að þurfa nótur eru einnig hæfileikaríkir tónlistarmenn. Því miður er viðhorf samfélagsins þannig að barn sem getur flutt verk eftir nótum sé hæfileikaríkara en önnur börn og þeir hæfileikar sem barn nauðsynlega þarfnast til að þróa tónlistarhæfileika sína eru oft vanræktir (McPherson og Williamon, 2006:249-50). Menning getur einnig haft áhrif á þróun tónlistarhæfileika barna. Þó er ekki hægt að útskýra af hverju börn þróa þennan hæfileika á misjöfnum hraða á mismunandi stigi nema vegna þess að einstaklingar eru ólíkir. Þá er alltaf sagt að æfingin skapi meistarann svo því meira sem einstaklingur æfir sig því betri verður hann. Tónlist eykur vitsmunalega virkni og besta leiðin til að auka þá virkni er að syngja, spila og skapa. Þó það sé einnig gott að koma fram og læra á hljóðfæri þá skipta hinir hlutirnir meira máli (Green, 2002:265).

Að spila eftir eyranu er grundvallaratriði þess að einstaklingar geti ræktað tónlistarhæfileika sína og vegna þess þarf sú hæfni að spila stærra hlutverk í tónlistarnámi en hún hefur gert. Þau verkefni sem ýta undir að nemendur spili eftir eyranu eru ekki í skólanámskrá fyrir utan tónlist eins og jazz. Samt sem áður er lítið á það að vera í jazzbandi sem annars flokks áhugamál en þó er kennslan af sama toga og hjá konserthljómsveitum, þar sem æft er eftir nótum og stjórnað af kennara eða tónlistarstjóra. Þar kemur hæfileikinn að spila eftir eyranu lítið við sögu og að spinna á staðnum er lítið hornauga (Woody og Lehmann, 2010:103). Að spila eftir eyranu er einn

þeirra hæfileika sem einstaklingar eru missterkir í og það á við um aðra tónlistarhæfileika. Þeir tónlistarmenn sem spila ekki eftir eyranu líta á þennan hæfileika með aðdáun því oftast hafa þeir ekki hlotið þá reynslu sem krefst þess að geta spilað eftir eyranu. Að lesa nótur eða spila tónlist eftir eyranu eru tveir af mörgum ólíkum tónlistarhæfileikum og oft er talað um þá sem andstæður í tónlistarsköpun en rannsóknir sýna að þeir tengjast. Að spila eftir eyranu er eflaust grundvallarhæfileiki í tónlist sem stuðlar að því að læra að lesa nótur, skapa, spila eftir minni og koma fram (Woody og Lehmann, 2010:102). Sú hæfni að skapa tónlist og að spila eftir eyranu, til samanburðar við nótnalestur, eflir tónlistarþekkingu og samband milli kennara og nemanda en eflir einnig tjáningu þeirra og tónlistarlega framkomu (Seddon og Michele, 2009:190).

#### **1.1.4 Sköpun tónlistar**

Sköpun er ein margbrotnasta og dularfyllsta hlið mannsins (Hargreaves, 1986:143). Þó eru misjafnar skoðanir á því hvernig tónlistarmaðurinn sé og hvernig hann vinnur. Margir tónlistarmenn telja að það sem ýti sköpunarferlinu af stað sé ekki hugmynd að laglínu eða texta heldur sé sköpunarferlið vinna, hluti af hversdagsleikanum og einkennist af sjálfsaga og úthaldi. Þetta er andstæðan við þá mynd sem margir hafa af tónlistarmönnum. Fólk sér fyrir sér viðkvæman, ástríðufullan einstakling sem á ekki til hnífs og skeiðar og þegar andinn kemur yfir hann vinnur hann dag og nótt þar til verkinu er lokið. Miðað við þessa mynd er sköpunarferlið dularfullt, ómeðvitað og órökrétt (Hargreaves, 1986:147). Sköpun er tengd ímyndunaraflinu og þeim ómeðvitaða og eðlislæga þætti. Hún er staður tjáningar, ekki aðeins fyrir þaullærða tónlistarmenn heldur fyrir hverja manneskju. Tónlistarsköpun er kraftmikið sálrænt ferli sem hoppar á milli rökhugsunar og ímyndunar og hafa bæði sálfræðilegar og læknisfræðilegar rannsóknir leitt í ljós að hún tengist vitsmuna- og tilfinningaþróun barna en er einnig tengd sviðum eins og félagsfræði og kennslufræði. Hún er mikilvægur þáttur í skilningi og þátttöku barna í tónlist (Koutsoupidou og Hargreaves, 2009:251-2). Lowenfeld hélt því fram að tilgangur mannsins væri að stunda listir og með vandaðri kennslu gæti allt ungt fólk látið sköpunarkraft og hæfileika sína blómstra. Fræðimaðurinn George Lewis hvatti kennara til þess að henda nemendum sínum í djúpu laugina og vinna með það ferli sem þá færi af stað (Hickey, 2009:294). Vitsmunalegt og tilfinningalegt næmi einstaklingsins vinnur saman sem ein heild þar sem listir umvefja ekki aðeins líkamlega hæfni eða hugann heldur líka tilfinningar mannsins og aðra andlega þætti sem án þeirra

myndu tynast í menntakerfinu (Redux og Burton, 2009:4). Frjáls sköpun krefst þess að nemendur skynji umhverfi sitt og sýni tillitsemi og einbeitingu. Ekki er hægt að kenna sköpun en hún sprettur fram af ákveðinni upplifun, þjálfun og hvatningu. Flestir semja vegna þess að það veitir þeim hamingju og af hverju að semja ef það er ekki fyrir okkur sjálf? Hver og einn býr yfir þeim hæfileika að semja tónlist og því er tónlistarsköpun ekki aðeins ætluð þeim fáu útvöldu heldur öllum (Kennedy, 2002:94-110). Það er mikilvægt að allir tónlistarmenn semji tónlist og það er hægt að kenna tæknina og hjálpa einstaklingum áfram en neistinn verður að koma innan frá, úr hjartanu (Ward-Steinman, 2011:9).

## 1.2 Rannsóknaraðferð

Markmiðið með þessari rannsókn var að svara spurningunni: „Hvernig semja þeir tónlist, sem spila á píanó eingöngu eftir eyranu?“. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir rannsóknaraðferðinni sem beitt var. Gerð verður grein fyrir vali á viðmælendum, spurningum sem notaðar voru, gagnaöflun og úrvinnslu gagna.

Gagna var aflað með viðtölum við þrjá einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að semja tónlist, á píanó eingöngu eftir eyranu. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru opnar og fengu þeir að segja frá eins og þá lysti. Viðtölin voru tekin upp á diktafón og síðan skrifuð upp. Rannsakandi svaraði sömu spurningum til þess að hafa til viðmiðunar sína upplifun og aðferð þegar hann semur tónlist.

Samkvæmt fræðimanninum Fiona Divine (2002:197-200) er notast við eigindlegar rannsóknir þegar ómeðvituð reynsla og viðhorf fólks er rannsökuð sem og sú merking sem það leggur í þá reynslu. Í eigindlegum rannsóknum er reynt að átta sig á einstaklingnum í því umhverfi sem hann upplifir sig.

Ekki var auðvelt að hafa uppi á einstaklingum sem uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar en það tókst með hjálp skólafélaga, kunningja og ættingja rannsakanda. Viðmælendur voru þrír karlmenn, 24 ára, 28 ára og 57 ára. Ekki var horft sérstaklega til kyns eða aldurs í þessari rannsókn. Viðmælendurnir áttu það sameiginlegt að vera tónlistarmenn sem semja tónlist en höfðu ólíkan bakgrunn á sviði tónlistar.

### 1.3 Framkvæmd rannsóknar

Sömu spurningarnar voru lagðar fyrir viðmælendur, orðrétt og í sömu röð fyrir alla. Viðtölin voru skrifuð upp og er þau að finna í viðauka aftast í þessari ritgerð. Þar sem rannsakandi hefur sjálfur reynslu af að semja tónlist á píanó án þess að styðjast við nótur hafði reynsla rannsakanda áhrif á gerð spurninganna. En auk þess að spyrja hvernig viðmælendur semdu tónlist á píanó lék forvitni á því hvað hefði haft áhrif á að viðmælendur urðu tónlistarmenn og hvaða viðhorf þeir hefðu til nótnalesturs.

#### 1.3.1 Viðmælendur

Í viðtalsrannsókn er mikilvægt að nafnleynd ríki og trúnaður sé virtur. Í frásögninni hér á eftir hefur nöfnum viðmælenda verið breytt og dulnefni notuð í stað réttra nafna.

Fyrsti viðmælandinn heitir Jón. Hann er 24 ára gamall og stundar meistarasnám við Háskóla Íslands. Auk tónmenntanáms í grunnskóla stundaði hann tónlistarnám við tónlistarskóla úti á landi þar sem hann æfði á blokkflautu, fiðlu og píanó. Hann lagði tónlistina á hilluna tólf ára gamall en tók upp á því að læra sjálfur á píanó og semja tónlist þegar hann var tvítugur.

Annar viðmælandi heitir Emil. Hann er 28 ára gamall og hefur lokið háskólanámi. Þegar hann var yngri var hann í tónmenntanámi í grunnskóla og lærði hann á píanó, klarínnett og rafmagnsgítar. Í dag er hann rappari og semur tónlist sína á píanó.

Þriðji viðmælandi heitir Björn. Hann er 57 ára gamall og starfar sem málari. Ólíkt hinum tveim viðmælendum var Björn ekki í tónmenntanámi í grunnskóla. Hann lærði að spila á orgel með hjálp ömmu sinnar og í framhaldi lærði hann einnig á harmonikku og gítar. Hann kenndi tímabundið á harmonikku í grunnskóla og hefur verið í fjölda hljómsveita þar sem hann spilaði á hljómborð, munnhörpu og harmonikku. Í dag hefur hann samið fjölmörg lög og er enn í hljómsveit þar sem hann spilar á píanó.

### 1.3.2 Spurningalistinn

1. Nafn, aldur og starf eða nám.
2. Varstu í tónlistarnámi í grunnskóla?
3. Tónlist í nánasta umhverfi.
4. Vildir þú hafa tónlistarnámið öðruvísi?
5. Hafðirðu reynt að læra nótur eða fannst þér það óþarfi?
6. Var mikil áhersla lögð á tónmenntina?
7. En að spila á hljóðfæri og skapa tónlist?
8. Hvort fannst þér meiri áhersla lögð á tónmenntina eða að spila/skapa?
9. Voruð þið að flytja tónlist fyrir framan áhorfendur?
10. En að syngja? Kór? Hljómsveitir?
11. Hvenær byrjaðirðu að spila á píanó?
12. Spilarðu á önnur hljóðfæri?
13. Þegar þú semur tónlist, hvað er það sem gerist?
14. Hvernig byrjarðu að semja tónlist?
15. Er ferlið hljóðrænt?
16. Er ferlið sjónrænt?
17. Hvernig ritarðu tónlistina niður?
18. Tekur þú tónlistina upp?
19. Hvort semur þú lag við texta eða texta við lag? Allt í einu?
20. Byrjar þú á ákveðnum kafla? T.d. viðlagi eða erindi.
21. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?

### 1.3.3 Greining gagna

Hér fyrir neðan verða gerð skil á greiningu og niðurstöðum sem unnar voru úr viðtölunum. Svör viðmælenda voru borin saman með það að markmiði að skoða hvað væri líkt og ólíkt með þeim.

## 1.4 Rannsóknin

### 1.4.1 Tónlistarbakgrunnur þátttakenda

#### 1.4.1.1 Tónlistarferill

Viðmælendur höfðu það sameiginlegt að koma úr fjölskyldu þar sem var mikill áhugi á tónlist. Tveir viðmælendanna, Jón og Emil, voru í tónlistarnámi í grunnskóla en á grunnskólaárum Björns var ekki boðið upp á tónlistarnám þar sem hann bjó. Bakgrunnur Björns var því frábrugðinn bakgrunni Jóns og Emils hvað þetta varðar.

Jón: „Fyrir utan skyldubundna tónmennt í grunnskóla fór ég í forskóla tónlistarskóla, blokkflauta í eitt ár. Æfði svo á fiðlu í eitt til tvö ár og píanó í sirka þrjú ár. Hætti öllu um sirka 12-13 ára aldur.“

Emil: „Ég var í tónmenntanámi í grunnskóla, lærði lítið í tónfræði. Það var val um að vera í tónfræði eða ekki.“

Tónlistarferill Björns var mjög frábrugðinn en álykta má að ástæðan sé vegna aðstæðna á þeim tíma. Slíkt nám stóð ekki til boða þar sem hann bjó á tiltölulega afskekktum og fámennum stað. Aðspurður um tónlistarferil svaraði Björn að þó að hann hafi ekki lært tónmennt í grunnskóla var lögð mikil áhersla á tónlist í hans heima húsi. Í kjölfarið kenndi hann á harmonikku í grunnskóla og hefur spilað á ýmis hljóðfæri en þá sérstaklega hljómborð og píanó. Hvað varðar áherslur á tónfræði og tónlistarsögu segir Jón að hún hafi verið fullmikil að hans mati og voru lögin öll gömul og óáhugaverð fyrir tíu ára barn. Skalar voru góðir og gildir en hann minnst þess ekki að hafa fengið sérstaka fræðslu í tónlistarsögu og telur hann að það hafi komið seinna hefði hann haldið áfram í tónlistarnámi. Jafnframt sagði Jón að það hafi verið lögð lítil áhersla á tónmennt í grunnskólanum en þó var miklu meiri áhersla lögð á hana heldur en tónlistarsköpun eða samspil.

Þrátt fyrir litla eða enga formlega tónlistarmenntun hjá viðmælendunum virðist það ekki hafa aftrað þeim frá því að koma sér á framfæri. Flestir hafa einhverskonar reynslu af skemmtanahaldi þó Björn hafi þar mesta reynslu.

Jón: „Kom aldrei fram í grunnskóla, nei, en í tónlistarskólanum voru reglulega svona spilakvöld þar sem nemendur sýndu hvað þeir höfðu verið að læra nýverið. Ég var í kór og söng reglulega með honum þegar ég var krakki. [...] Er ekki beint í hljómsveit en syng inn á raftónlist hjá strákum sem ég þekki sem eru í hljómsveit og ætla sér að taka þátt í Músíktilraunum 2012 og ég verð þá með í því.“

Emil: „Söng í einu leikriti, spilaði í kirkju á klarínnett og spilaði á einum lokatónleikum á rafmagnsgítar.“

Björn: „Ég var alltaf í hljómsveitum. Ég spilaði líka mikið á skólaböllum og öðrum skólasamkomum. Man ekki til þess að hafa verið í kór en eitthvað vorum við látin syngja. Það voru söngtímar og fleira. Hlýtur að vera. Enginn eiginlegur kór samt. Ekki fyrr en í kirkjukór.“

Allir byrjuðu þeir á unga aldri að spila á píanó eða 6-10 ára gamlir. Jón byrjaði að æfa níu eða tíu ára gamall og æfði í tvö ár. Svo gleymdi hann öllu saman en byrjaði aftur að fíkta við píanóið heima hjá mömmu sinni með hjálp vinkonu sinnar. Hann lærði hljómana og gat fíkrað sig áfram og búið til tónlist. Hann á einnig gítar sem hann hefur lengi ætlað að læra á en það gengur hægt. Emil byrjaði að æfa á píanó sex eða sjö ára gamall. Hann spilar aðeins á gítar og á klarínnett en er einnig rappari. Björn eignaðist sitt fyrsta píanó 1974 en fram að því spilaði hann á orgel ömmu sinnar en hann kunni einnig á harmonikku og gítar.

#### **1.4.1.2 Áhrif foreldra**

Allir viðmælendur komu úr fjölskyldum þar sem ríkti mikið tónlistarlíf. Samt sem áður telja viðmælendur sig hafa orðið mismikið fyrir tónlistaráhrifum frá fjölskyldu sinni. Jón telur sig ekki hafa orðið fyrir einhverjum ápreifanlegum áhrifum frá fjölskyldu eða ættingjum.



Á heimili Emils lærðu báðir bræður hans á hljóðfæri og foreldrar hans studdu þá alltaf áfram.

Emil: „Sko, já. Pabbi lék á píanó, elsti bróðir minn á fiðlu og miðbróðirinn á píanó. Við vorum líka stundum að kveðast á í ferðum við bræður. Hjá ömmum mínum var mikið um ljóðahefð og sagnahefð og þar af leiðandi vissum við mikið um sögur frá landnámi. [...] Foreldrar mínir studdu mig þó alveg í því að skapa.“

Björn telur sig hafa orðið fyrir miklum tónlistaráhrifum frá fjölskyldu sinni og þá sérstaklega frá föður sínum og ömmu. Margir í fjölskyldu hans höfðu mikinn tónlistaráhuga og í uppeldi hans var mikil áhersla lögð á að spila á hljóðfæri. Önnur kunnátta kom af sjálfu sér.

Björn: „Já, fyrst og fremst varð ég fyrir áhrifum frá pabba og ömmu minni. Aðallega þeim tveim en líka mömmu, Helga frænda líka. Svo margir í kringum mig voru í tónlist. Pabbi spilaði á harmonikku og mamma á gítarinn. Pabbi samdi líka stundum. Ég lærði á sínum tíma að spila á harmonikku en fyrir þann tíma þá spilaði ég á orgelið hennar ömmu. Það var hljóðfærið sem ég byrja fyrst að spila á. Man ekki hvað ég var gamall.“

#### **1.4.1.3 Námið**

Hjá Jóni og Emil hafði tónmenntanámið í grunnskóla neikvæð áhrif á áhuga þeirra á tónlist.

Jón: „Frekar lítil tónmennt í grunnskóla og var oft og tíðum samspil og létt ásláttarhljóðfæri til taks. En þar fyrir utan var lítið í boði. Miklu meiri áhersla lögð á bóklegu tónmenntina heldur en nokkurn tíma að spila eða skapa, því mætti snúa við því ég held að það sitji meira eftir í krökkum þegar þeir fá að skapa eitthvað undir góðri leiðsögn.“

Emil: „Þegar ég fór að læra á klarínnett þá langaði mig að læra á saxafón en ég þurfti að byrja á klarínnett því það væri svona „entry-level“ (fyrir byrjendur). Og það drap svolítið áhugann. Þetta voru tveir mismunandi karakterar. Klarínettið fékk alltaf leiðinleg hlutverk í sinfóníum, eins og öndin. Ég var 9 eða 10 ára. Fannst meiri tilfinning í saxafóninum.“

### 1.4.2 Nótalestur

Enginn þriggja viðmælenda kann að lesa nótur. Tveir þeirra, Jón og Emil, fengu tækifæri til þess í grunnskóla en Björn hafði ekki næga möguleika til þess.

Jón: „Ég lærði nótur, gerði allavega heiðarlega tilraun til þess í tónfræði á sínum tíma. En það fór allt inn um eitt eyrað og út um hitt og í dag finnst mér það alls ekki nauðsynlegt, en væri þó gaman og gagnlegt.“

Emil: „Ég reyndi að læra nótur en fannst það erfitt. Veit ekki. Í dag langar mig að kunna nótur. Það getur haft góð áhrif að læra nótur. Ég veit að þær eru til. Ég get ekki sett þær á réttan stað. [...] Var meira að spila en var ekkert mikið í að spila eftir nótum og fannst það ekkert rosalega heillandi. Ég hafði marga mismunandi kennara. Ég taldi vandann vera minn en ekki kennaranna.“

Björn: „Þegar ég var í kirkjukórnum lærði maður svolítið. Þegar maður lærði raddirnar. Tengdamamma kunnir þetta. Það er það eina sem maður hefur lært í sambandi við nótur. Maður þurfti bara að glöggva sig á nótunum í sambandi við hljómana í laginu [...] Á meðan ég var húsvörður í grunnskóla þá lærði ég pínulítið. Þá fékk skólastjórinn mig til að kenna á harmonikku. Fékk tvo nemendur í kennslu til mín. Ég lærði ekki mikið af þessu sjálfur en það var rosalega gaman. Þau voru með einföld lög og ég var að reyna að kenna þeim þau og bassann. Þá voru þetta lög sem ég þekkti. Voðalega einfalt.“

### 1.4.3 Að skapa tónlist

Sköpunarferli viðmælenda er talið vera ólíkt. Þörf eða tilfinning þeirra til tónlistarsköpunar er mismunandi og nota þeir allir ólíkar leiðir til að koma frá sér hugmyndum sínum.

Jón: „Ég byrja á því að möndla einhvern texta í hausnum og á sama tíma raula laglínur. Svo pikka ég inn á píanóið og finn hljómana sem ég vil nota og smátt og smátt kemur undirspilið. Þegar ég er kominn með einhvern smá textabút, iðulega fyrsta erindið, þá byrja ég að syngja það bara til að fá tilfinningu fyrir laginu. Svo skelli ég mér yfir í viðlagið og eyði dágóðum tíma í það, því maður vill að það sé almennilegt og það tekur ýmsum breytingum því oftast sem ég fer yfir það og reyni að breyta og bæta.“

Jón semur frekar lag við texta en texta við lag en telur þetta gerast hálfpartinn á sama tíma. Hann klárar aldrei textann án þess að vera byrjaður að vinna í laginu.

Emil: „Ég yfirleitt sest niður, oft er einhver tilfinning sem kallar á einhverja skapandi þörf og ég þarf að fá útrás. Ef ég sem texta þá er það í hina áttina, og tónlistin sem ég heyri verður til þess að eitthvað kviknar og ég byrja að móta grunninn. Ég sest yfirleitt niður við píanóið og fikta mig áfram. Ég á mína uppáhalds tóntegund og skala sem ég spila mikið á og oft vinn ég mig út frá því. Stundum breyti ég um tóntegund og fer bara í það að skoða einhvern einn hljóm og prófa hitt og þetta þangað til ég heyri eitthvað sem mér finnst ganga upp og byrja þá frá því. Semsagt, finn fyrsta hljóm og prófa mig áfram, finn svo annan hljóm, fer þá aftur á fyrsta eða annan og finn þriðja og svo framvegis. Yfirleitt þá byrja ég á byrjuninni og vinn mig út frá því. Þannig finnst mér að sagan geti verið „organic“ og mér finnst skemmtilegt að fara í gegnum lag án þess að vita nákvæmlega hvað gerist næst. Ég sem texta við lag, og í mínum eyrum kemur textinn yfirleitt eftir á. Þó er líka hægt að skrifa texta og finna síðan lag, en ég hef held ég aldrei samið lag frá grunni eftir að texti hefur verið kominn, semsagt, aldrei samið undir texta. Kannski bara það að líklega er ég meira í textaskrifum og ég átta mig á nótu, það er að segja að ég heyri þær, þó svo að ég kunni þær ekki á blaði og geti ekki alltaf nefnt þær. Í flutningi á textum er ég alltaf meðvitaður um hvað er í gangi í undirspilinu, og nota það mikið til þess að staðsetja mig og stjórna röddinni. Píanó verður oft í rólegri kantinum, en ég samt nota áherslur svipað og í textum, föst slög til dæmis þegar ég myndi vera ákveðinn og laust slegið ef ég myndi hvísla.“

Björn: „Oftar en ekki þá bara byrja ég að spila, finn einhverja skemmtilega hljóma og byrja að spinna út frá því. Eins og með „Sumarstemninguna“ þá kom það lag á hálf tíma eða klukkustund. Ég finn hljóma sem passa vel saman og þrjóna saman út frá því. Ég þarf að vera í einhverjum sérstökum fíling. Ég byrja yfirleitt á erindi svo hefur viðlagið komið í framhaldi af því. Held að það sé oftast svoleiðis. Þó hitt hafi örugglega líka gerst. Hef frekar samið lagið og svo er texti saminn við það. Þá af öðrum aðila. Hef aldrei samið lag við texta. Væri gaman að prófa það.“

Þegar talað er um hljóðræna aðferð er til dæmis átt við þegar einstaklingi dettur í hug laglína eða býr til hljómasamsetningu í huganum og yfirfærir þá hugmynd á hljóðfærið.

Allir viðmælendur sögðust nota hljóðræna aðferð.

Jón: „Algjörlega, maður fær einhverja hugmynd um laglínu og reynir bara að muna hana nógu lengi til að geta fest niður á blað.“

Emil: „Já, ég man mikið hljóðrænt þegar ég byrja að spila. Á erfitt með að syngja lög samt og muna, en líka er þetta líkamlegt, ég man fingrasetningu. Samt er það líka hljóðrænt með texta, ég man rytman og hvernig flæðið á að vera og það hjálpar mér að muna orð.“

Björn: „Já, hvernig það hljómar. Stundum hugsar maður önnur lög líka. Oft heyrir maður flott lög í útvarpinu. Byrjar í huganum að gera eitthvað sem hefur svipaða hrynjandi en samt allt öðruvísi lag. Samt getur maður notað hugmyndina úr hinu laginu.“

Þegar spurt var hvort viðmælendur töldu sig nota sjónræna aðferð þegar þeir semja tónlist svöruðu þeir því allir neitandi en þó sagðist Emil stundum loka augunum og hugsa um einhverja atburði sem hafa gerst og þá hefur það áhrif á hvernig sagan verður, hvort hún sé glaðvær eða sorgleg í flutningi. Samt sem áður rita viðmælendur niður hljóma eða nótur þegar þeir semja tónlist sem má flokka sem sjónræna aðferð. Jón og Emil velja það frekar að taka upp sínar hugmyndir en Björn velur það að punkta þær niður þó hann notist einnig við upptökutæki.

Jón: „Ég skrifa niður textann og viðeigandi hljóma með. [...] Já, helvíti duglegur í því að taka upp, kominn með fjöldann allan af lögum og myndböndum á netinu. Svo finnst mér nauðsynlegt að taka upp þegar maður er að búa til eitthvað nýtt, einfaldlega til að muna það því ég er mjög ör og fljótur að gleyma og vinda mér yfir í eitthvað nýtt.“

Emil: „Rita ekki niður á píanó, en þó hef ég tekið upp grunna á tölvu og geymt það. Stundum tek ég upp á síma eða annað til þess að muna eftir ákveðnum sessjónum sem ég stundum hlusta á, en sjaldnast hef ég farið í að finna þau og vinna í aftur. [...] Já, ég tek upp, bæði píanó og við önnur lög, hef líka tekið upp á gítar. Við að hlusta á upptökur læri ég oft lögin betur og átta mig á hvað má betur fara sem ég nota þegar ég fer í næsta lag eða verkefni.“

Björn: „Stundum tók ég þetta upp. Á segulband eða diktafón. Oftast skrifaði ég niður nótu fyrir nótu. Hvað ég ýti oft á þær. Stundum skrifa ég í hvaða hljómi þetta er.“

## 1.5 Eigin reynsla

Ég hef ákveðið að taka mína eigin reynslu inn í rannsóknina til viðmiðunar.

Ég var bæði í almennu tónmenntarnámi en einnig í tónlistarnámi á vegum grunnskólans þar sem ég æfði í eitt ár á blokkflautu en færði mig svo yfir á píanó. Ég byrjaði að æfa á píanó í öðrum bekk og æfði á það öll mín grunnskólaár og tel að á því tímabili hafi ég haft fjóra til fimm kennara. Þrátt fyrir að hafa æft á píanó í fleiri ár tók ég aðeins eitt stig á píanó og tel það hafi verið í þriðja eða fjórða bekk. Ég átti mjög erfitt með að læra nótur en kannski var ég of fljót að gefa nótalesturinn upp á bátinn því það reyndist vera auðveldara fyrir mig að læra lög eftir eyranu og til dæmis lærði ég „Stairway to heaven“ með Led Zeppelin, án þess að lesa nótur. Kennarinn minn kenndi mér búi og búi af laginu og mér finnst það hafa lærst frekar auðveldlega.

Ég tel að ekki hafi þurft að breyta tónlistarnámi í mínum grunnskóla en það vantaði fjölbreytni. Mér fannst skemmtilegra í samspili og að æfa fyrir árshátíðir og aðrar skólasamkomur en að vera í tónmennt en það getur verið að mig hafi skort metnað. Það var lögð jafn mikil áhersla á tónmennt og samspil en ekki tónlistarsköpun. Ég tel mig hafa orðið fyrir miklum áhrifum frá fjölskyldu minni. Pabbi var í hljómsveit og spilaði á hljómborð, harmonikku, gítar en svo átti hann líka munnhörpu. Mamma spilaði á gítar og amma á orgel en þær sungu báðar mjög mikið og man ég ekki eftir ömmu minni öðruvísi en syngjandi. Ég fékk mikla hvatningu frá fjölskyldu minni var farin að syngja eins og hálf árs. Í grunnskóla var ég í hljómsveit með öðrum nemendum og sömdum við okkar eigin tónlist og spiluðum hana á ýmsum skólaskemmtunum. Tónmenntakennararnir voru einnig mjög duglegir að setja nemendur saman í stórar hljómsveitir og þar voru nemendur saman á öllum aldri. Flestir nemendur skólans voru vanir því að koma fram hvort sem það var í hljómsveitum, kór eða leikritum.

Þegar ég sem tónlist byrja ég yfirleitt að spinna einhverja hljóma á píanóið og reyni að finna góða hljómasamsetningu og laglínu ofan á en þó getur hljómagangurinn komið út frá laglínunni. Ég ákveð ekki að setjast niður og semja heldur er bara eitthvað sem gerist. Það er eitthvað ástand þar sem hugurinn er næstum því tómur og sköpunin fer á

flug. Þá þarf ég að vera snögg að muna og vera með blað og penna eða diktafón við hönd svo hugmyndin glattist ekki.

Ég byrjaði mjög ung að semja tónlist og samdi fullt af lögum með systur minni þegar við vorum litlar. Ég byrjaði snemma að semja mikið af ljóðum, bæði á íslensku og ensku og fylgdu lögin í kjölfarið. Ég tel mig hafa gott tóneyra og er sköpunarferlið meira hljóðrænt en sjónrænt. Ég heyri hvort hljómurinn passar betur í moll eða dúr og hvort laglínan fari upp eða niður og ef ég man laglínuna þá man ég hljómana. Þá fylgja fingurnir með á píanóinu þó ég viti ekki alveg hvaða hljóma ég er að spila en ég kann heilu og hálfu lögin án þess að vita hvaða hljómar eru í þeim. Til að skrá niður tónlistina þá skrifa ég niður hljómana eða raula laglínuna aftur og aftur til að festa hana í minninu. Ég er nýbyrjuð að nota diktafón til að taka upp hugmyndir og finnst það hjálpa mikið til og flýta sköpunarferlinu. Það er ekki fyrir fram ákveðið hvort ég byrja á viðlagi eða erindi því það kemur bara af sjálfu sér. Textinn kemur yfirleitt eftir á en samt mótast laglínan út frá textanum.

## 1.6 Niðurstöður

### *„Hvernig semja þeir tónlist, sem spila á píanó eingöngu eftir eyranu?“*

Samkvæmt David J. Hargreaves er sköpun dularfullt og margbrotið ferli. Fræðimennirnir Gary E. McPherson og Aaron Williamon benda á að þeir hæfileikar að spila eftir eyranu eða semja grípandi lög eru mjög mikilvægir en eru oft gleymdir og samkvæmt Dr. Robert H. Woody og Andreas C. Lehmann er hæfileikinn að spila tónlist eftir eyranu grundvallar hæfni sem allir tónlistarmenn ættu að tileinka sér. Hún stuðlar að því að einstaklingar eigi auðveldara með að læra að lesa nótur, skapa og spila eftir minni en einnig eiga þeir auðveldara með að koma fram. En hvernig semja þeir tónlist, sem spila á píanó eingöngu eftir eyranu?

Einn viðmælandi byrjaði að spila á píanó um tíu ára aldurinn en æfði aðeins í tvö ár. Í gegnum árin hefur hann spilað á píanó móður sinnar þar sem hann æfði sig að spila hljómana og smám saman byrjaði hann að semja tónlist. Hann byrjar að semja textabút, iðulega fyrsta erindið og á sama tíma finnur hann laglínuna. Hann syngur hana mörgum sinnum til að fá góða tilfinningu fyrir henni en fer svo að prufa sig áfram á píanóið. Hann finnur hljóma sem passa við laglínuna og smátt og smátt kemur undirspilið. Þá fer

hann að vinna í viðlaginu og segir að það taki dágóðan tíma því hann vill að það sé almennilegt og oft tekur það ýmsum breytingum því oftast fer hann yfir það. Hann telur að textinn verði til á undan laginu en segir þó að textinn sé aldrei full kláraður þegar hann semur lagið. Hann telur sig ekki fara í gegnum sjónrænt ferli en þó skrifar hann bæði niður texta og viðeigandi hljóma sem telja má sem sjónrænt ferli. Hann fer í gegnum hljóðrænt ferli þegar hann semur því hann fær hugmynd að laglínunni og reynir að muna hana nógu lengi til að geta skrifað hana niður á blað en hann tekur einnig upp tónlistina sína og segir það sé nauðsynlegt vegna þess að hann sé fljótur að gleyma.

Annar viðmælandi byrjaði að spila á píanó um sjö ára aldur og spilar einnig aðeins á gítar og er rappari í dag. Þegar hann semur tónlist segir hann að það sé einhver tilfinning sem kallar á þörfina að skapa og hann þarf að fá útrás. Ef textinn kemur á undan laginu þá kviknar hugmynd að grunninum. Hann sest við píanóið og fikrar sig áfram. Hann á sína uppáhalds tóntegund og skala sem hann spilar mikið og vinnur sig oftast út frá þeim. Stundum skoðar hann aðra hljóma og prófar sig áfram þangað til hann heyrir eitthvað sem honum finnst ganga upp. Hann telur sig ekki fara í gegnum sjónrænt ferli en segir þó að stundum loki hann augunum og hugsar um liðna atburði sem hafa áhrif á hvernig flutningurinn verður, glaðvæur eða sorglegur. Einnig tekur hann upp grunna í tölvunni sína til að geyma og notar stundum símann sinn til að taka upp ef ekkert annað er til staðar. Ef hann hlustar á upptökur á hann auðveldara með að læra lög og átta sig betur á því hvað mætti betur fara. Hann segist muna mikið hljóðrænt þegar hann spilar, hann man texta, rytman og flæði lagsins og það hjálpar honum að muna textann en hann kemur alltaf á eftir laginu. Hann segist skrifa mikið af textum og er mjög meðvitaður um hvernig undirspilið er og notar það til að stjórna túlkun sinni á textanum.

Þriðji viðmælandi byrjaði mjög ungur að spila á orgel og eignaðist fyrsta píanóið sitt níttján ára. Þegar hann semur tónlist byrjar hann að fikta sig áfram á píanóið. Finnur einhverja skemmtilega hljóma og spinnur út frá því. Hann segist þurfa að vera í sérstöku hugarástandi til þess að geta samið lag. Hann telur sig ekki fara í gegnum sjónrænt ferli en þó skrifar hann niður hljómana og oft nótu fyrir nótu til að muna laglínuna. Hann segist vinna hljóðrænt. Stundum hugsar hann um önnur lög og byrjar að vinna í huganum að einhverju með svipaða hrynjandi. Hann tekur hugmyndir sínar upp á segulband eða diktafón. Hann hefur aldrei samið texta við lag en þegar hann semur

byrjar hann á fyrsta erindi og viðlagið kemur í framhaldi af því, textinn hefur svo verið saminn við lagið af öðrum aðila.

Allir viðmælendur rannsóknarinnar höfðu það sameiginlegt að það sé eitthvað sem gerist þegar þeir semja tónlist. Það er einhver tilfinning sem kemur yfir þá sem verður til þess að sköpunarferlið hefst en enginn þeirra gat útskýrt hvernig sú tilfinning er eða hvað það væri sem ýtti ferlinu af stað. Þrátt fyrir litla tónlistarmenntun höfðu allir viðmælendur haldið áfram í tónlistariðkun og þróað sína eigin tækni til að geta skapað og spilað tónlist og hefur það ferli krafist mikillar þjálfunar og einbeitingar. Lucy Green og margir aðrir fræðimenn eru sammála um að æfingin skapi meistarann svo því meira sem einstaklingur æfir sig því betri verður hann. Einstaklingur semur tónlist vegna þess að það veitir honum hamingju og er það ekki aðeins ætlað þeim útvöldu heldur öllum sem vilja semja tónlist. Einnig bendir David Ward-Steinman á að þó það sé mögulegt að kenna einstaklingum ákveðna tækni við tónlistarsköpun þá skiptir mestu máli að neistinn komi frá hjartanu.

Hvort sem um er að ræða hugmynd að hljómagangi, laglínu, texta eða öllu í einu. Það er bara eitthvað sem gerist. Viðmælendur fíkra sig áfram og finna aðferð sem hentar í hvert skipti og er augljóst að sköpunarferlið er persónubundið og hefur mótast með hverjum einstaklingi fyrir sig. Eigin reynsla rannsakanda styður við þá niðurstöðu þar sem hann telur að það sé ekki hægt að ákveða fyrir fram að skapa tónlist og setjast við píanóið heldur er ákveðin tilfinning sem kviknar innra með honum og ýtir honum af stað. Það er bara eitthvað sem gerist.

## 1.7 Umræður

Áhugavert er að sjá hversu ólíkur bakgrunnur viðmælenda er sem og þeirra sköpunarferli. Samt sem áður hafa allir viðmælendur það sameiginlegt að hafa ástríðu fyrir tónlist og þennan mikla sköpunarkraft sem er stór hluti af þeirra lífi.

Tónlistarnám þeirra var mjög ólíkt. Sá viðmælandi sem hlaut mesta tónlistarmenntun má bera saman við tónlistarmenntun rannsakanda en hann var í tónmennt í grunnskóla samhliða tónlistarnámi í þeim sama skóla þar sem hann æfði á píanó. Reynsla þeirra af náminu er mjög ólík og til dæmis má þar nefna að sá



viðmælandi kom aldrei fram í grunnskóla sem er andstæða við upplifun rannsakanda sem kom fram á hverju ári, bæði í tónlistaratriðum eða leikritum. Þar spila áhrif foreldra stóran þátt. Sami viðmælandi hafði til dæmis mikla þörf á því að koma fram sem hann fékk ekki fullnægt í grunnskóla svo hann setti upp sýningar heima hjá sér við hin minnstu tilefni.

Áhrif frá fjölskyldu á tónlistaráhuga viðmælenda voru einnig ólík. Sá viðmælandi sem er talinn hafa orðið fyrir mestum áhrifum frá fjölskyldu sinni hlaut ekkert tónlistarnám. Í uppeldi hans snerist allt meira og minna um tónlist og var hann farinn að spila á skólaböllum og öðrum samkomum mjög ungur. Á sama hátt var rannsakandi einnig fyrir miklum áhrifum frá fjölskyldu sinni en flestir fjölskyldumeðlimir voru tengdir tónlist á einhvern hátt. Þó rannsakandi hafi hlotið mikla reynslu í að koma fram við alls kyns tilefni í grunnskóla fékk hann mikla hvatningu frá foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum að syngja og spila á hljóðfæri, bæði í skólanum og heima fyrir. Svo virðist sem ekki hafi skipt miklu máli hversu mikla hefðbundna tónlistarmenntun þeir hlutu heldur skiptir meira máli hvaða áhrif, innblástur og hvatningu þeir fengu frá fjölskyldu sinni.

Eftir að hafa rannsakað tónlistarferil viðmælenda og bakgrunn þeirra er hægt að álykta að gagnsemi nótnalesturs er ótvíræð. Allir þátttakendur höfðu annað hvort ekki áhuga eða tækifæri til þess að læra að lesa nótur. Þó svo að þeir vildu helst geta lesið nótur í dag þá hefur það ekki aftrað þeim frá því að semja eða flytja tónlist. Sama gildir um reynslu rannsakanda af nótnalestri en það reyndist honum auðveldara að læra lögin eftir eyranu en að lesa nótur þó svo hann telji að það væri gagnlegt að kunna nótur í dag. Nauðsyn nótnalesturs er því alfarið talin fara eftir aðstæðum og hefur það hvorki aftrað viðmælendum né rannsakanda frá því að hlúa að sinni tónlistarsköpun. Áhugavert er að þó einn viðmælandi hafi aldrei lært nótur gat hann samt sem áður kennt tveimur nemendum á harmonikku. Einnig má nefna að allir viðmælendurnir höfðu sungið í kór og þar af leiðandi lært lög án þess að fylgja nótum og sama gildir um rannsakanda. Þeir hafa allir haldið áfram í tónlistinni og fundið þar sinn farveg þrátt fyrir litla eða enga tónlistarmenntun.

Þrátt fyrir að þeir deili þeirri reynslu að semja án þess að geta lesið nótur fara þeir svo ólíkar leiðir við að semja tónlist. Einn þeirra fær hugmynd að texta sem hann semur svo lag við. Annar byrjar á einum hljómi og fíkrar sig svo áfram og sá þriðji finnur

hljómasamsetningu og spinnur út frá því. Tveir viðmælendanna tala um ákveðna tilfinningu sem þarf til að finna sköpunarkraftinn. Þegar rannsakandi semur tónlist byrjar hann að spila hljóma sem passa vel saman og laglínan mótast smám saman ofan á þá. Það er ekki hægt að setjast niður með það í huga að semja tónlist. Það ferli sem fer í gang er erfitt að útskýra því það er bara eitthvað sem gerist. Bæði viðmælendur og rannsakandi voru sammála um að það væri bara eitthvað sem gerist og töldu að sköpunarferlið væri ekki fyrirfram ákveðið heldur væri það tilfinning og sérstakt hugarástand sem ýtir því af stað.

### **1.7.1 Rannsóknir í framhaldinu**

Með þessa rannsókn að leiðarljósi væri hægt að rannsaka stærri hóp einstaklinga spila og semja á píanó eftir eyranu og væri eflaust hægt að finna einhverja þætti sem væru líkir í sköpunarferli þeirra. Þó er hægt að álykta að ferli hvers og eins sé ólíkt og með mismunandi áherslum sem einkennir einstaklinginn og tónlist hans. Einnig væri hægt að rannsaka einstaklinga af sama kyni og þjóðerni sem og einstaklinga sem aldir eru upp í dreifbýli og þéttbýli. Þar væri möguleiki á að finna út hvort það væri einhver munur eftir búsetu. Auk þess væri forvitnilegt að rannsaka sköpunarferli þeirra sem kunna nótur til samanburðar við þá sem spila eftir eyranu. Þeir einstaklingar, líkt og í þessari rannsókn, spila og semja á píanó. Þó væri hægt að leggja áherslu á önnur hljóðfæri. Áhugavert væri að sjá hvað er líkt og ólíkt með sköpunarferli þeirra einstaklinga. Er upplifun þeirra í sköpunarferlinu sú sama? Hver er kveikjan að tónlistarsköpuninni? Gerist það sama og hjá þeim einstaklingum sem kunna ekki nótur? Líkt og viðmælendur þessarar rannsóknar eru allir sammála um að „það er bara eitthvað sem gerist.“

## 2 Heimildaskrá

Colwell, R. J. og Hewitt, M. (2010). *The teaching of instrumental music*. New Jersey: Prentice Hall.

Davis, S. G. (2005). That thing you do: Compositional processes of a rock band. *International journal of education and arts*, 6(16).

Divine, F. (2002). Qualitative methods. Í David Marsh og Gerry Stoker, *Theory and methods in political science: second edition* (197-215). New York: Palgrave MacMillan.

Green, L. (2002). *How popular musicians learn: A way ahead for music education*. England: Ashgate publishing limited.

Hargreaves, D. J. (1986). *The developmental psychology of music*. United Kingdom: Cambridge university press.

Haroutounian, J. (2002). *Kindling the spark: Recognizing the developing musical talent*. New York: Oxford university press.

Hickey, M. (2009). Can improvisation be “taught”? A call for free improvisation in our schools. *International journal of music education*, 27(4).

Kennedy, M. A. (2002). Listening to the music: Compositional progress of high school composers. *Journal of research in music education*, 50(2).

Koutsoupidou, T. Og Hargreaves, D. J. (2009). An experimental study of the effects of improvisation on the development of children’s creative thinking in music. *Psychology of music*, 37(3).

- McPherson, G. E. (2009). The role of parents in children's musical development. *Psychology of music, 37*(1).
- McPherson, G. E. og L. Bunt. (2006). Musicality. Í Gary E. McPherson, *The child as a musician: A handbook of musical development*. United Kingdom: Oxford university press.
- McPherson, G. E. og Williamon, A. (2006) Giftedness and talent. Í Gary E. McPherson, *The child as a musician: A handbook of musical development*. United Kingdom. Oxford university press.
- Mills, J. (2005). *Music in the school*. United Kingdom: Oxford university press.
- North, A. C. (1997). *The social psychology of music*. United Kingdom: Oxford university press.
- Redux, L. og Burton, J. M. (2009). Creative intelligence, creative practice. *A journal of issues and research, 50*(4).
- Richard, J. C. og Hewitt, M. (2010). *Teaching of instrumental music*. USA: Pearson.
- Sacks, O. (2006). *The power of music*. United Kingdom: Oxford university press.
- Seddon, F. Og Biasutti, M. (2009). Participant approaches to and reflections on learning to play a 12-bar blues in an asynchronous e-learning environment. *International journal of music education, 27*(3).
- Sloboda, J. (1985). *The musical mind: the cognitive psychology of music*. USA: Oxford university press.
- Ward-Steinman, D. (2011). On composing: Doing it, teaching it, living it. *Indiana university, 19*(1).

Woody, R. H. og Lehmann, A. C. (2010). Students musicians' ear-playing ability as a function of vernacular music experiences. *Journal of research in music education*, 58(2).

### 3 Viðauki

#### *Viðmælandi 1*

1. **Nafn, aldur og starf eða nám.** Jón, 24 ára og stundar meistaranám við Háskóla Íslands.
2. **Varstu í tónlistarnámi í grunnskóla?** Fyrir utan skyldubunda tónmennt í grunnskóla fór ég í forskóla Tónlistarskóla. Ég æfði á blokkflautu í 1 ár, svo á fiðlu í 1-2 ár og píanó í ca. 3 ár. Hætti öllu um ca. 12-13 ára aldurinn.
3. **Tónlist í nánasta umhverfi.** Þó nokkuð tónlistarlíf en varð ekki fyrir miklum áhrifum. Pabbi var mikill aðdáandi rokktónlistar og spilaði hana stundum í botni.
4. **Vildir þú hafa tónlistarnámið öðruvísi?** Það hefði mátt vera frjálgsara, nemandinn hefði meira að segja og reynt væri að höfða til manns með því að spyrja mann hvað maður hefði sjálfur áhuga á að gera.
5. **Hafðirðu reynt að læra nótur eða fannst þér það óþarfi?** Ég lærði nótur, gerði allavega heiðarlega tilraun til þessí tónfræði á sínum tíma. En það fór allt inn um eitt eyrað og útum hitt og í dag finnst mér það alls ekki nauðsynlegt, en væri þó gaman og gagnlegt.
6. **Var mikil áhersla lögð á tónmenntina sjálfa?** Já fullmikil áhersla þá mínu mati og lögin öll gömul og óáhugaverð fyrir 10 ára barni. Skalar eru góðir og gildir en ég minnst þess ekki að hafa fengið sérstaka fræðslu í tónmenntasögu, það hefur ef til vill komið fram seinna hefði ég haldið áfram í tónlistarnámi.
7. **En að spila á hljóðfæri og skapa tónlist?** Frekar lítil í tónmennt í grunnskóla var oft á tíðum samspil og létt ásláttarhljóðfæri til taks. En þar fyrir utan var lítið í boði.

**8. Hvort fannst þér meiri áhersla lögð á tónmenntina eða að spila/skapa?**

Miklu meiri á tónmenntina heldur en nokkurn tíma að spila eða skapa, því mætti snú við því ég held að það sitji meira eftir í krökkum þegar þeir fá að skapa eitthvað undir góðri leiðsögn.

**9. Voruð þið að flytja tónlist fyrir framan áhorfendur? Aldrei í grunnskóla nei, en í tónlistarskólanum voru reglulega svona spilakvöld þar sem nemendur sýndu hvað þeir höfðu verið að læra nýverið.**

**10. En syngja? Kór? Hljómsveitir? Ég var í kór og söng reglulega með honum þegar ég var krakki. Er ekki beint í hljómsveit en syng inná raftónlist hjá strákum sem ég þekki sem eru í hljómsveit og ætla sér að taka þátt í Músíktíraunum og ég verð þá með í því.**

**11. Hvenær byrjaðirðu að spila á píanó? Byrjaði að æfa ca. 9-10 ára og æfði í 2 ár. Svo gleymdi ég því öllu saman og byrjaði kannski svona 2008 eitthvað að fíkta við píanóið heima hjá mömmu. Fékk smá kennslu frá vinkonu minni sem hefur verið í píanónámi hálfra ævina og eftir að ég lærði hljómana vel gat ég farið að fíkra mig áfram og búa til tónlist.**

**12. Spilarðu á önnur hljóðfæri? Nei í raun ekki, en er með gítar í mínum fótum sem ég hef lengi ætlað mér að læra almennilega á. Það gengur hægt en það gengur.**

**13. Þegar þú semur tónlist, hvað er það sem gerist? Ég byrja á því að möndla einhvern texta í hausnum og á sama tíma raula laglínur. Svo pikka ég inn á píanóið og finn hljómana sem ég vil nota og smátt og smátt kemur undirspilið.**

**14. Hvernig byrjarðu að semja tónlist? Þegar ég er kominn með eitthvern smá textabút, iðullega fyrsta erindið, þá byrja ég að syngja það bara til að fá tilfinningu fyrir laginu. Svo skelli ég mér yfir í viðlagið og eyði dágóðum tíma í það, því maður vill að það sé almennilegt og það tekur ýmsum breytingum því oftast sem ég fer yfir það og reyni að breyta og bæta.**

**15. Er ferlið hljóðrænt?** Algjörlega, maður fær einhverja hugmynd um laglínu og reynir bara að muna hana nógu lengi til að geta fest niður á blað.

**16. Er ferlið sjónrænt?** Nei ég get ekki sagt það.

**17. Hvernig ritarðu tónlistina niður?**

Ég skrifa niður textann og viðeigandi hljóma með.

**18. Tekur þú tónlistina upp?** Já helvíti duglegur í því að taka upp, kominn með fjöldann allan af lögum og myndböndum á netinu. Svo finnst mér nauðsynlegt ða taka upp þegar maður að búa til eitthvað nýtt, einfaldlega til að muna það því ég er mjög ör og fljótur að gleyma og vinda mér yfir í eitthvað nýtt.

**19. Hvort semur þú lag við texta eða texta við lag? Allt í einu?** Kannski frekar lag við texta, en það gerist að vissu leyti á sama tíma. Klára aldrei heilann texta án þess að vera byrjaður að þæla eitthvað í laginu.

**20. Byrjar þú á ákveðnum kafla? T.d. viðlagi eða erindi.** Sjá spurningu 13 og 14.

**21. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?** Nei, ekkert sem mér dettur í hug.

### *Viðmælandi 2*

**1. Nafn, aldur og starf eða nám.** Emil, 28 ára og hefur lokið háskólanámi. Var í tónmenntanámi í grunnskóla þar sem ég lærði á píanó, klarínnett og rafmagnsgítar þegar ég var yngri en fannst ekkert gaman að láta kenna sér.

**2. Varstu í tónlistarnámi í grunnskóla?** Var í tónmenntanámi í grunnskóla, fór lítið í tónfræði var meira að spila en var ekkert mikið í að spila eftir nótum og fannst það ekkert rosalega heillandi. Það var val um að vera í tónfræði eða ekki.

**3. Tónlist í nánasta umhverfi.** Sko, já. Pabbi lék á píanó, elsti bróðir minn á fiðlu og miðbróðirinn á píanó. Við vorum líka stundum að kveðast á í ferðum við bræður. Hjá ömmum mínum var mikið um ljóðahefð og sagnahefð og þar af



leiðandi vissum við mikið um sögur frá landnámi. Foreldrar mínir studdu mig þó alveg í því að skapa.

- 4. Vildir þú hafa tónlistarnámið öðruvísi?** Ég var 9-10 ára þegar ég fór að læra á klarínnett þá langaði mig að læra á saxafón en þurfti að byrja á klarínnett því það var svona “entrylevel” fyrir byrjendur. Og það drap svolítið áhugann. Þetta voru tveir mismunandi karakterar. Klarinettið fékk alltaf leiðinleg hlutverk í sinfóníum, eins og öndin. Fannst meiri tilfinning í saxafóninum.
- 5. Hafðirðu reynt að læra nótur eða fannst þér það óþarfi?** Hann reyndi að læra að nótur en fannst það erfitt. Veit ekki. Í dag langar honum að kunna nótur. Það getur haft góð áhrif að læra nótur. Hann veit að þær eru til. Hann getur ekki sett þær á réttan stað. Hann hafði marga mismunandi kennara. Hann taldi vandan vera sinn en ekki kennaranna.
- 6. Var mikil áhersla lögð á tónmenntina sjálfa?** Maður fékk að ráða hvort maður var í tónmennt eða ekki.
- 7. En að spila á hljóðfæri og skapa tónlist?** Á heimilinu voru bræður mínir báðir að læra á hljóðfæri og foreldrar alltaf stutt við það. Mögulega var lögð meiri áhersla á að læra og æfa, en þó voru uppi pælingar um að fara í suzuki nám og annað.
- 8. Hvort fannst þér meiri áhersla lögð á tónmenntina eða að spila/skapa?** Það var yfirleitt lagt meira á tónmenntina hjá kennurunum, þ.e.a.s. að æfa lög, en ekkert endilega tónfræði og ég slapp við það. Foreldrar mínir studdu mig þó alveg í því að skapa.
- 9. Voruð þið að flytja tónlist fyrir framan áhorfendur?** Söng í leikriti, spilaði í kirkju á klarínnett og spilaði á lokatónleikum á rafmagnsgítar.
- 10. En syngja? Kór? Hljómsveitir?** Sjá spurningu 9.

- 11. Hvenær byrjaðirðu að spila á píanó?** Byrjaði líklega að reyna að æfa um 6-7 ára aldur.
- 12. Spilarðu á önnur hljóðfæri?** Spila aðeins á gítar, spilaði á klarinett en er vocalisti/rappari.
- 13. Þegar þú semur tónlist, hvað er það sem gerist?** Ég yfirleitt sest niður, oft er einhver tilfinning sem kallar á einhverja skapandi þörf og ég þarf að fá útrás. Ef ég sem texta þá er það í hina áttina, og tónlistin sem ég heyri verður til þess að eitthvað kviknar og ég byrja að móta grunninn.
- 14. Hvernig byrjarðu að semja?** Ég sest við píanóið og fikta mig áfram. Ég á mína uppáhaldstóntegund og skala sem ég spila mikið á og oft vinna ég mig út frá því. Stundum breyti ég um tóntegund og fer bara í það að skoða einhvern einn hljóm og prófa hitt og þetta þangað til ég heyri eitthvað sem mér finnst ganga upp og byrja þá frá því. Semsagt, finn fyrsta hljóm og prófa mig áfram, finn svo annan hljóm, fer þá aftur á 1-2 og finn þriðja o.s.frv.
- 15. Er ferlið hljóðrænt?** Já, ég man mikið hljóðrænt þegar ég byrja að spila. Á erfitt með að syngja lög samt og muna, en líka er þetta líkamlegt, ég man fingrasetningu. Samt er það líka hljóðrænt með texta, ég man rythmann og hvernig flæðið á að vera og það hjálpar mér að muna orð.
- 16. Er ferlið sjónrænt?** Lítið sjónrænt, en þó eitthvað, stundum loka ég augunum og hugsa um einhverja atburði sem hafa gerst og þá hefur það áhrif á hvernig sagan verður, hvort hún sé glaðvær eða sorgleg í flutningi.
- 17. Hvernig ritarðu tónlistina niður?** Rita ekki niður á píanó, en þó hef ég tekið upp grunna á tölvu og geymt það. Stundum tek ég upp á síma eða annað til þess að muna eftir ákveðnum session-um sem ég stundum hlusta á, en sjaldnast hef ég farið í að finna þau og vinna í aftur.

- 18. Tekur þú tónlistina upp?** Já, ég tek upp, bæði píanó og við önnur lög, hef líka tekið upp á gítar. Við að hlusta á upptökur læri ég oft lögin betur og átta mig á hvað má betur fara sem ég nota þegar ég fer í næsta lag eða verkefni.
- 19. Hvort semur þú lag við texta eða texta við lag? Allt í einu?** Ég sem texta við lag, og í mínum eyrum kemur textinn yfirleitt eftir á. Þó er líka hægt að skrifa texta og finna síðan lag, en ég hef held ég aldrei samið lag frá grunni eftir að texti hefur verið kominn, semsagt, aldrei samið undir texta.
- 20. Byrjar þú á ákveðnum kafla? T.d. viðlagi eða erindi?** Yfirleitt þá byrja ég á byrjuninni og vinn mig út frá því. Þannig finnst mér að sagan geti verið organic og mér finnst skemmtilegt að fara í gegnum lag án þess að vita nákvæmlega hvað gerist næst.
- 21. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?** Kannski bara það að líklega er ég meira í textaskrifum og ég átta mig á nótu,, þ.e.a.s. ég heyri þær, þó svo að ég kunní þær ekki á blaði og geti ekki alltaf nefnt þær. Í flutningi á textum er ég alltaf meðvitaður um hvað er í gangi í undirspilinum, og nota það mikið til þess að staðsetja mig og stjórna röddinni. Píanó verður oft í rólegri kantinum, en ég samt nota áherslur svipað og í textum, þ.e.a.s. föst slög t.d. þegar ég myndi vera ákveðinn og laust slegið ef ég myndi hvísla.

### *Viðmælandi 3*

- 1. Nafn, aldur og starf eða nám.** Björn, 57 ára og vinn sem málari.
- 2. Varstu í tónlistarnámi í grunnskóla?** Nei, ég var ég ekki.
- 3. Tónlist í nánasta umhverfi.** Já, fyrst og fremst varð ég fyrir áhrifum frá pabba og ömmu minni. Aðallega þeim tveim en líka mömmu, Helga frænda líka. Svo margir í kringum mig voru í tónlist. Pabbi spilaði á harmonikku og mamma á gítarinn. Pabbi samdi líka stundum. Ég lærði á sínum tíma að spila á harmonikku

en fyrir þann tíma þá spilaði ég á orgelið hennar ömmu. Það var hljóðfærið sem ég byrja fyrst að spila á. Man ekki hvað ég var gamall.

4. **Vildir þú hafa tónlistarnámið öðruvísi?** Nei, var ekki í boði þá.
5. **Hafðirðu reynt að læra nótur eða fannst þér það óþarfi?** Þegar ég var í kirkjukórnum lærði maður svolítið. Þegar maður lærði raddirnar. Tengdamamma kunni þetta. Það er það eina sem maður hefur lært í sambandi við nótur. Maður þurfti bara að glöggva sig á nótonum í sambandi við hljómana í laginu. Á meðan ég var húsvörður í grunnskóla þá lærði ég pínulítið. Þá fékk skólastjórinn mig til að kenna á harmonikku. Fékk tvo nemendur í kennslu til mín. Ég lærði ekki mikið á þessu sjálfur en það var rosalega gaman. Þau voru með einföld lög og ég var að reyna að kenna þeim þau og bassann. Þá voru þetta lög sem ég þekkti. Voðalega einfalt.
6. **Var mikil áhersla lögð á tónmenntina?** Á ekki við.
7. **Vegna þess að þú varst ekki í tónmennt í grunnskóla var þá mikil áhersla lögð á að spila á hljóðfæri og skapa tónlist á þínu heimili?** Já, mikil áhersla lögð á að spila. Svo kom hitt að sjálfu sér. Afi spilaði á harmonikku og amma á gítarinn. Afi samdi líka stundum. Ég lærði á sínum tíma að spila á harmonikkuna en fyrir þann tíma þá spilaði ég á orgelið hennar ömmu út á Bjargi. Það hljóðfæri sem ég byrja fyrst að spila á. Man ekki hvað gamall. Í þessum hljómsveitum sem ég var í frá byrjun var ég bara með harmonikku en svo eignaðist ég fyrsta orgelið mitt þá fór það að vera aðalhljóðfærið og harmonikkan með. Það hefur síðan verið svoleiðis. Svo spilaði ég líka á gítar á tímabili í hljómsveit.
8. **Hvort fannst þér meiri áhersla lögð á tónmenntina eða að spila/skapa?** Á ekki við.
9. **Voruð þið að flytja tónlist fyrir framan áhorfendur?** Ég spilaði á skólaböllum og öðrum skólasamkomum.

- 10. En syngja? Kór? Hljómsveitir?** Man ekki til þess að hafa verið í kór en eitthvað vorum við látin syngja. Það voru söngtímar o.fl. Hlýtur að vera. Enginn eiginlegur kór. Ekki fyrr en í kirkjukór miklu seinna. En ég var alltaf í hljómsveitum.
- 11. Hvenær byrjaðirðu að spila á píanó?** 1974 eignaðist ég fyrsta píanóið.
- 12. Spilarðu á önnur hljóðfæri?** Harmonikka og gítar.
- 13. Þegar þú semur tónlist, hvað er það sem gerist?** Oftar en ekki þá bara byrja ég að spila, finn einhverja skemmtilega hljóma og byrja að spinna út frá því. Eins og með sumarstemninguna þá kom það lag á hálf tíma/klst. Finnur hljóma sem passa vel saman og prjónar saman út frá því.
- 14. Hvernig byrjarðu að semja?** Þarf að vera í einhverjum sérstökum fíling. Sjá spurningu 12.
- 15. Er ferlið hljóðrænt?** Já, hvering það hljómar. Stundum hugsar maður önnur lög líka. Oft maður heyrir flott lög í útvarpinu. Byrjar í huganum að gera eitthvað sem hefur svipaðan hrynjanda en samt allt öðruvísi lag. Samt getur maður notað hugmyndina úr hinu laginu.
- 16. Er ferlið sjónrænt?** Nei
- 17. Hvernig ritarðu tónlistina niður?** Stundum tók ég þetta upp. Segulband eða diktafón. Oftast skrifaði ég niður nótu fyrir nótu. Hvað ég ýti oft á þær. Stundum skrifa ég í hvaða hljómi þetta er.
- 18. Tekur þú tónlistina upp?** Já, upp á segulband eða diktafón.

**19. Hvort semur þú lag við texta eða texta við lag? Allt í einu?** Hef frekar samið lagið og svo er texti saminn við það. Þá af öðrum aðila. Hef aldrei samið lag við texta. Væri gaman að prófa það.

**20. Byrjar þú á ákveðnum kafla? T.d. viðlagi eða erindi.** Ég byrja yfirleitt á erindi svo hefur viðlagið komið í framhaldi af því. Held að það sé oftast svoleiðis. Þó hitt hafi örugglega líka gerst.

**21. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?** Neeei.

### *Svör rannsakanda*

- 1. Nafn, aldur og starf eða nám.** Ég heiti Eva Björk, 27 ára og er háskólanemi.
- 2. Varstu í tónlistarnámi í grunnskóla?** Ég var í tónlistarnámi í grunnskóla.
- 3. Tónlist í nánasta umhverfi.** Flestir í kringum mig voru tengdir tónlist. Pabbi spilaði á hljómborð, harmonikku, stundum gítar og átti munnhörpu. Svo var hann í hljómsveit og alltaf að spila á böllum. Mamma spilaði á gítar og amma á orgel svo sungu þær báðar mikið. Man ekki eftir ömmu öðruvísi en syngjandi. Ég var byrjuð að syngja eins og hálfis árs. Til eru kasettur og vídjóspólur þar sem ég stend upp á borði og syng og er hvött áfram af fjölskyldu minni.
- 4. Vildir þú hafa tónlistarnámið öðruvísi?** Hefði ég ekki viljað breyta neinu með tónlistarnámið. Man bara eftir að hafa fundist tónmennt hræðilega leiðinleg. Kannski vantaði meiri fjölbreytni en kannski skoti mig metnað. Fannst miklu skemmtilegra að spila saman og æfa fyrir árshátíðir og aðrar skemmtanir.
- 5. Hafðirðu reynt að læra nótur eða fannst þér það óþarfi?** Ég æfði á píanó frá öðrum bekk og út grunnskóla. Var með marga mismunandi kennara, þrjá eða fjóra. Ég tók eitt stig á píanó og það var í 3 bekk. Ég átti erfitt með að læra nótur. Fannst það erfitt og allt í belg og biðu. Kannski var ég of fljót til að gefa nóturnar upp á bátinn en það var bara auðveldara fyrir mig að læra lög með því

að heyra þau einu sinni. Ég lærði t.d. stairway to heaven án þess að lesa nótur. Kennarinn minn spilaði fyrir mig bít og bít og ég pikkaði það upp.

- 6. Var mikil áhersla lögð á tónmenntina?** Já, það var bæði lögð áhersla á tónfræðina og að samspil. Ég man lítið eftir að hafa farið í tónmenntasöguna en það hefur eflaust verið gert.
- 7. En að spila á hljóðfæri og skapa tónlist?** Sjá spurningu 6.
- 8. Hvort fannst þér meiri áhersla lögð á tónmenntina eða að spila/skapa?** Það var lögð áhersla á tónmennt og spila saman en ekki sköpun. Ég var í hljómsveit með krökkum sem var ótrúlega gaman og sömdum við fullt af lögum.
- 9. Voruð þið að flytja tónlist fyrir framan áhorfendur?** Já við vorum alltaf að flytja eitthvað fyrir framan fólk.
- 10. En að syngja? Kór? Hljómsveitir?** Ég var alltaf í kór grunnskóla og var svo hljómsveit með bekkjarsystkinum mínum.
- 11. Hvenær byrjaðirðu að spila á píanó?** Í öðrum bekk.
- 12. Spilarðu á önnur hljóðfæri?** Nei. Spilaði á blokkflautu í fyrsta bekk. Annars er ég fljót að læra.
- 13. Þegar þú semur tónlist, hvað er það sem gerist?** Ég yfirleitt byrja að spila einhverja hljóma á píanóið. Sjá hvort ég finni eitthvað sem hljómar vel og set laglínu ofan á það. Hljóma gangurinn veltur eiginlega á laglínunni. En það getur líka verið öfugt. Stundum dettur mér laglína í hug og finn hljómana út frá henni. En það er yfirleitt ef ég er ekki heima sem það gerist. En það er alltaf eitthvað hugarástand sem maður er í. Ég sest aldrei niður með það í huga að semja. Þá gerist ekki neitt. Það er þessi stund þegar hausinn er alveg tómur sem eitthvað

gerist. Þá þarf maður að vera snöggur að muna, vera með blað og penna við hliðina eða diktafóninn svo hugmyndin glatist ekki.

**14. Hvernig byrjarðu að semja?** Ég byrjaði að semja tónlist frekar ung. Samdi lög með systur minni þegar við vorum litlar. Byrjaði svo að semja ljóð og texta bæði á íslensku og ensku og lögin fylgdu í kjölfarið.

**15. Er ferlið hljóðrænt?** Já. Algjörlega. Ég finn það einhvern veginn hvort ég laglínunni eigi að fara upp eða niður. Hvort ég fari í moll eða dúr.

**16. Er ferlið sjónrænt?** Ég sé þetta ekki sjónrænt. Maður veit aldrei. Kannski gerir maður sér ekki grein fyrir því.

**17. Hvernig ritarðu niður?** Ég ritaði alltaf niður hljómana. En laglínuna raulaði ég yfir miljón sinnum svo ég myndi muna hana. Ef ég man laglínuna man ég hljómana. Svo það myndi í raun ekki skipta máli hvort ég skrifaði hljómana eða ekki. Finn það hvernig ég hreyfi fingurna á píanóinu. Kann heilu og hálfu lögin en veit ekki hvaða hljóma ég er að spila.

**18. Tekur þú upp?** Er nýbyrjuð að taka upp. Síðustu tvö lög voru tekin upp á byrjunar stigi. Fannst það hjálpa mikið og flýta ferlinu. Hjálpar mest til við gerð laglínunnar.

**19. Hvort semur þú lag við texta eða texta við lag? Allt í einu?** Oftast sem ég texta við lagið. En laglínunni mótast samt út frá textanum. Hljómarnir eru kannski komnir en laglínunni ekki alveg. Þá kemur textinn inn í til að móta hana.

**20. Byrjar þú á ákveðnum kafla? T.d. viðlagi eða erindi.** Ég hef gert hvoru tveggja. Það í raun veltur bara á því hvort passar best hverju sinni.

**21. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?** Nei.